68

Yfirlit

yfir fjárhag sýsluvegasjóðanna í norður- og austur-umdæminu árið 1881.

[Framhald frá fyrra tölublaði].

Nr.	Gjöld.		Kr.	A.
3.	Eyjafjarðarsýsla:			
	Vegabótakostnaður	1137 30		
	Eign til næsta árs	56 84	1194	14
4.	Suðurþingeyjarsýsla:			
	Vegabótakostnaður	516 30		
	Eign til næsta árs	592 5	1108	35
5.	Norðurþingeyjarsýsla:			
	Vegabótakostnaður	479 6		
	Eign til næsta árs	177 28	656	34
6.	Norðurmúlasýsla:			
	Vegabótakostnaður	1038 45		
	Eign til næsta árs	822 76¼	1861	21¼
7.	Suðurmúlasýsla:			
	Skuld frá fyrra ári	1200 »		
	Vegabótakostnaður	756 4		
	Annar kostnaður	48 »		
	Eign til næsta árs	477 96	2482	»

Skrifstofu norður- og austuramtsins 2. janúar 1883.

J. Havsteen
settur.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja* um gjafir frá útlöndum til bágstaddra Íslendinga. — Það skal hjermeð tjáð yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar, að ráðgjafinn hefur í dag beiðst þess, að veitt verði móttaka í ríkisfjárhirzluna gegn útborgun sömu upphæðar úr jarðabókarsjóði 300 krónum og 3,066 kr. 97 a. eða alls 3366 kr. 97 a.; hin fyrnefnda upphæð er, einsog þóknanlega má sjá af hjálögðu útdráttareptirriti af skýrslu hins danska verzlunarfulltrúa í Amsterdam, gjöf frá prestinum Vermeer í Zwolle í Hollandi til bágstaddra á Íslandi, en hin síðarnefnda upphæð er fje það, sem safnazt hefur í sama tilgangi meðal þjóðskólalærisveina í Svíþjóð, og sem þjer, herra landshöfðingi, hafið afhent ráðgjafanum. 69 11. apríl.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja* um borgun handa fulltrúa stjórnarinnar á alþingi 1885 — Samkvæmt allrahegnlegustum tillögum ráðgjafans hefur hans hátign konunginum 15. þ. m. allramildast þóknast að fallast á, að útgjöldin til fulltrúa stjórnarinnar á hinni reglulegu samkomu alþingis 1885 skuli vera 2000 kr. 70 22. maí.

Þetta er eigi látið hjá líða hjermeð þjónustusamlega að tjá yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og svo að þjer birtið það í B-deild stjórnartíðindanna.

Brjef landshöfðingja *til Svend Foyn* um skilyrðin fyrir því að mega reka 71
19. dag júlímánaðar 1883. 24. maí.